



ISAC

FAGGILDINGARSVIÐ HUGVERKASTOFUNNAR

ÁRSSKÝRSLA

2025


Efnisyfirlit

Ávarp sviðsstjóra.....	2
Jafningjamat	2
B-faggilding	2
Kynningarmál.....	3
Nýtt merki – Stafræn þróun.....	3
Faggildingarráð	3
Breytingar á lögum um faggildingu	4
Kvartanir og meðferð þeirra	4
Úttektir og eftirlit.....	4
Starfsfólk.....	4
Samstarf við Swedac.....	5
Erlent samstarf	5
Fjármál og rekstur.....	6

Ávarp sviðsstjóra

Eftir afar viðburðaríkt ár 2024 komst á meiri festa í starfsemi ISAC árið 2025. Unnið var áfram að því að efla þá þjónustu sem ISAC veitir í samstarfi við stjórnvöld. Á árinu þrefaldaði ISAC úttektir sínar til að mæta kröfum EA. Mikil áhersla var á að auka hæfni úttektaraðila ISAC og hefur nú ISAC yfir að ráða tveimur matsstjórum. Einnig var hæfni og fjöldi tæknilegra úttektaraðila aukinn. Unnið var áfram að þeim verkefnum sem lagður var grunnur að árið áður svo sem eftirfylgni jafningjamats EA og endurskoðun á öllum verklagi og vinnuferlum með sérstakri áherslu á stafræna þróun. Haldið var áfram að efla þá þjónustu sem ISAC veitir í samstarfi við Swedac. Starfsfólk ISAC horfir fram á veginn með tilhlökkun.

Sólveig Ingólfssdóttir, sviðsstjóri ISAC



Jafningjamat



Jafningjamat á starfsemi ISAC hvað varðar faggildingunni skoðunarstofa fór fram í júní 2024. Jafningjamatið er skipulagt af evrópsku faggildingarsamtökunum EA, European co-operation for Accreditation. Reglugerð (EB) nr. 765/2008 skyldar faggildingarstofnanir í aðildarlöndum EES-samningsins til að undirgangast jafningjamat, en þær þurfa jafnframt að standast slíkt mat til að geta verið aðilar að samningi EA um gagnkvæma viðurkenningu faggildinga (EA MLA, Multilateral Agreement).

Greining og úrvinnsla frávika og vinna við úrbætur hófst þegar að loknu jafningjamatinu og stóð allan síðari hluta ársins 2024. Frekari upplýsingar og gögn voru send í árslok og byrjun janúar 2025.

Lokaskýrsla jafningjamatsins barst ISAC 15. janúar 2025. Í niðurstöðum hennar var mælt með áframhaldandi aðild ISAC að EA MLA samningnum, en þó ætti ISAC að skila framvinduskýrslu vegna tveggja frávika (breytinga á lögum og B-faggilding) í árslok 2025. Lokaskýrslan var send í rýni innan EA og taldi rýninefndin brýnt að afturkalla allar B-faggildingar sem fyrst. Einnig lagði hún áherslu á að þrýsta á um nauðsynlegar breytingar á lögum um faggildingunni. Í framhaldi af niðurstöðu rýninefndar EA var ákveðið að afturkalla allar B-faggildingar frá 31. júlí 2025.

Á fundi MAC-nefndar EA (Multilateral Agreement Council) þann 1. október 2025 var samþykkt að ISAC héldi stöðu sinni sem aðili að samningi EA um gagnkvæma viðurkenningu á faggildingum skoðunarstofa. Jafnframt var áréttað við ISAC að skila stöðuskýrslu til EA um endurskoðun á lögum um faggildingunni fyrir árslok 2025. Slíki skýrslu var skilað til EA þann 22. desember 2025. Næsta jafningjamat er áætlað í apríl 2028.

B-faggilding

Í jafningjamatinu árið 2024 var gerð alvarleg athugasemd við einfaldaða útgáfu af faggildingunni, svokallaða B-faggildingunni, sem boðið hafði verið upp á fyrir verkstæði sem annast endurskoðun ökutækja og ísetningu og skoðun ökurita og hraðatakmarkara. Slíkt fyrirkomulag samræmist ekki kröfum þess staðals sem skilgreinir kröfur til faggildingarstofnana (ÍST EN ISO/IEC 17011:2017), sem leyfir ekki að gefinn sé neinn afsláttur af kröfum um fulla faggildingunni.

Öllum verkstæðum með B-faggildingu var tilkynnt með bréfi í árslok 2024 að faggildingin myndi falla úr gildi þann 31. desember 2025. Þar sem öll verkstæðin voru eingöngu með starfsemi á Íslandi féllst matsstjóri jafningjamatsins á þetta fyrirkomulag sem fullnægjandi úrlausn frávíksins. Rýnihópur EA var hins vegar ekki sammála og taldi brýnt að afturkalla allar B-faggildingar sem fyrst. ISAC ákvað því að afturkalla allar B-faggildingar frá 31. júlí 2025 og var það gert.

Kynningarmál

Á árinu 2024 fór fram vinna við að greina á hvaða sviðum íslensk lög vísa til faggildingar eða gera ráð fyrir faggiltri samræmismatsstarfsemi, til undirbúnings aukinni kynningu á starfsemi og þjónustu ISAC. Almenn er mikilvægt að koma því betur á framfæri við stjórnvöld og hagsmunaaðila hvaða ávinning faggilding hefur í för með sér. Svo virðist sem umræðan sé að bera árangur, miðað við kynntar hugmyndir og fyrirætlanir ýmissa stjórnvalda um umbætur og einföldun í opinberum eftirlitskerfum. Faggildingarráð hefur rætt þessi mál á fundum sínum og mun halda áfram að fylgja þeim eftir.

Nýtt merki – stafræn þróun

Á árinu 2024 var, í tengslum við nýja heimasíðu ISAC á island.is, byrjað að nota nýtt merki ISAC. Skráningarferli þess dróst þó á langinn allt árið 2025 og því gat notkun þess ekki hafist á skirteinum og ýmsum öðrum gögnum frá ISAC.

Gefist hefur vel að nota rafrænar undirskriftir, meðal annars á faggildingarskirteini og senda þau í stafrænt pósthólf viðskiptavina í gegnum Ísland.is. Áfram er unnið að stafrænni þróun, einkum í tengslum við gagnagrunna og einföldun ferla.



Faggildingarráð

Faggildingarráð, sem skipað var til tveggja ára (2024-2025), hélt sex reglulega fundi á árinu. Helstu málefni á dagskrá funda ráðsins voru:

- Áhættumat ISAC (álit ráðsins fengið í desember 2025)
- Jafningjamat EA
- Breytingar á lögum um faggildingu
- Niðurfelling og flutningur faggildinga (B-faggilding ökurita- og endurskoðunarverkstæða og vottunarstofur)
- Nýtt tæknisvið: Lögmælifræði, fellt undir staðalinn ISO/IEC 17020 í stað ISO/IEC 17025
- Samstarf ISAC og SWEDAC
- Umsókn um aðild að ILAC og Global Accreditation Cooperation Incorporated
- Stefnumótun ISAC, meðal annars þátttaka ráðsins í SVÓT-greiningu og með tilliti til tilvísana til faggildingar í lögum á ýmsum sviðum
- Framtíð faggildingar á Íslandi

10 meðlimir voru í ráðinu í árslok, fulltrúar Samtaka verslunar og þjónustu (SVP), hóps faggiltra aðila innan SVP, Landlæknisembættisins, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Matvælastofnunar, Vinnu- eftirlitsins, Staðlaráðs Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Neytendasamtakanna, auk formanns sem skipaður er án tilnefningar. Kynningarfundir fyrir nýja ráðsmeðlimi voru haldnir í febrúar 2025.

Breytingar á lögum um faggildingu

Jafningjamatið árið 2024 leiddi í ljós ósamræmi milli laga um faggildingu o.fl., nr. 24/2006, og reglugerðar (EB) nr. 765/2008. Þetta er skiljanlegt þar sem löggin eru eldri en reglugerðin, sem innleidd er á Íslandi með reglugerð nr. 566/2013. Nauðsynlegt þótti að útrýma þessu ósamræmi með breytingum á lögum.



Vinna ISAC við tillögur að lagabreytingum hófst árið 2024, strax að loknu jafningjamatinu, með fulltingi Faggildingarráðs og þáverandi menningar- og viðskiptaráðuneytis. Við ríkisstjórnarslit og kosningar haustið 2024 tafðist verkefnið en var tekið upp á vegum hins nýja atvinnuvegaráðuneytis á árinu 2025. Atvinnuvegaráðherra mælti fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um faggildingu þann 3. nóvember 2025. Að lokinni umfjöllun atvinnuveganefndar Alþingis var frumvarpið samþykkt óbreytt sem lög þann 17. febrúar 2026.

Kvartanir og meðferð þeirra

Fimm kvartanir voru í vinnslu hjá ISAC á árinu. Ein þeirra sneri að framkvæmd ISAC á eftirlitsúttekt hjá skoðunarstofu ökutækja í september 2024. Kvörtunin barst seint í nóvember 2024 og var tekin til rannsóknar hjá ISAC. Þar sem efni kvörtunarinnar sneri að hluta til að úttektarmönnum frá Swedac var sviðsstjóra faggildingarsviðs Swedac gert viðvart um kvörtunina og óskað eftir viðbrögðum. Fundað var með fulltrúum skoðunarstofunnar og kvörtuninni síðan svarað skriflega í mars 2025, eftir að svar hafði borist frá Swedac.

Fjórar kvartanir beindust að starfsemi faggiltra skoðunarstofa ökutækja (spurningar um hlutleysi og hæfni) og var leyst úr þeim í samstarfi við viðkomandi skoðunarstofur, meðal annars með aukaheimsóknunum.

Úttektir og eftirlit

Kjarnastarfsemi ISAC felst að miklu leyti í faggildingar- og eftirlitsúttektum. Þrjár skoðunarstofur sóttu um faggildingu til að annast löggildingar mælitækja í samræmi við reglugerð nr. 356/2025, en með henni var löggildingarstarfsemin flutt frá prófunarstofum til skoðunarstofa. Eftirlits- og endurmatsúttektir voru samtals 26, sem er meira en tvöföldun frá árinu áður (11 úttektir árið 2024). Í mörgum þessara úttekta tóku tæknilegir úttektarmenn eða sérfræðingar frá Swedac þátt, í samræmi við rammisamning ISAC og Swedac. Að auki tóku starfsmenn ISAC þátt í 5 úttektum á vottunar- og prófunarstofum sem Swedac stýrði.

Almenn ánægja var meðal skoðunarstofa með aukna tíðni og betra skipulag og framkvæmd úttekta. Einnig mæltust óboðaðar heimsóknir og aukaheimsóknir vel fyrir.

Ákvörðunarnefnd ISAC fundaði sjö sinnum á árinu og tók 26 faggildingarákvarðanir.

Starfsfólk

Guðrún Rögnvaldardóttir sérfræðingur lét af stöfum í lok júní 2025. Aðrar breytingar urðu ekki á starfsmannahaldi ISAC á árinu. Starfsmenn voru því þrír í árslok.

Örn Alexandersson, sem hóf störf hjá ISAC í nóvember 2024, hefur starfað sem úttektarstjóri ISAC frá 1. maí 2025.

Samstarf við Swedac

Rammasamningur um samstarf milli ISAC og sænsku faggildingarstofnunarinnar Swedac var undirritaður af forstjóra Swedac og menningar- og viðskiptaráðherra, fyrir hönd ISAC, þann 25. ágúst 2022. Samkvæmt honum eru gerðir árlegir samningar um nánar skilgreind samstarfsverkefni og þjónustu, svo sem úttektir og fræðslu, og skipulag þeirra. Rammasamningurinn kveður einnig á um að Swedac muni annast, í sínu nafni en fyrir hönd ISAC, faggildingu íslenskra samræmismatsstofa á þeim sviðum þar sem ISAC skortir hæfni eða hefur ekki hlotið aðild að samningi EA um gagnkvæma viðurkenningu. Eins og er á þetta við um öll svið samræmismats nema skoðanir.

Frá ársbyrjun 2025 hefur þessu samningsákvæði verið framfylgt þannig að íslenskum samræmismatsstofum sem óska faggildingar ber að snúa sér til ISAC, ef um skoðunarstofu er að ræða, en til Swedac fyrir annars konar samræmismatsstarfsemi.

Gæðastjóri Swedac gerði innri úttekt á gæðakerfi og ferlum ISAC í september, með aðstoð starfsfólks ISAC. Gæðakerfið hefur tekið verulegum framförum á síðastliðnu ári og uppfyllir gerðar kröfur.



Þátttakendur á námskeiði fyrir úttektarmenn sem haldið var af Swedac.

Að beiðni ISAC hélt Swedac námskeið fyrir úttektarmenn samkvæmt staðlinum ISO/IEC 17020 í janúar og febrúar 2025. Einnig hefur Swedac útvegað ISAC tæknilega sérfræðinga og úttektarmenn eftir þörfum, í samræmi við samninga.

Erlent samstarf

Þátttaka ISAC í erlendu samstarfi á árinu fólst í að sækja eftirfarandi fundi á vegum EA og NORDA (samstarf norrænu og baltnesku faggildingarstofnanna):

- Aðalfundur EA (General Assembly) í maí og nóvember
- Fundir EA MAC (Multilateral Agreement Council) í maí og október
- Fundur EA HHC (Horizontal Harmonization Committee) í mars
- Fundir EA IC (Inspection Committee) í mars og september
- Fundur forstöðumanna NORDA í ágúst

Stuttar samantektir um helstu málefni, umræður og ákvarðanir voru skrifaðar eftir fundina og efni þeirra kynnt bæði fyrir starfsfólki ISAC og fyrir Faggildingarráði. ISAC sótti um aðild að alþjóðasamtökunum ILAC (International Laboratory Accreditation Cooperation) 2. apríl 2025 og var samþykkt sem fullgildur aðili þann 5. september 2025.



Einnig var þann 16. október 2025 sótt um aðild að nýjum alþjóðasamtökum, Global Accreditation Cooperation Incorporated (Global ACI), sem tekur við hlutverkum ILAC og IAF (International Accreditation Forum) frá 1. janúar 2026. Umsóknin var samþykkt á aðalfundi samtakanna 23. - 24. október 2025.

Fjármál og rekstur

Starfsemi ISAC er fjármögnuð annars vegar með framlagi úr ríkissjóði og hins vegar með eigin rekstrartekjum. Heildartekjur árið 2025 voru 92,9 m.kr. Framlag úr ríkissjóði var 64,8 m.kr. og rekstrartekjur 28,1 m.kr.

Vegna aukinna umsvifa samkvæmt kröfum EA skiluðu úttektir um 45% hækkun rekstrartekna frá fyrra ári. Framlag úr ríkissjóði var nánast það sama og framlagið 2024 að viðbættum ónýttum fjárheimildum fyrri ára.

Heildargjöld voru 94,8 m.kr. Þar af var launakostnaður 58,1 m.kr., kostnaður við aðkeypta þjónustu 28,9 m.kr., kostnaður vegna aðildargjalda, ferða og funda 7,0 m.kr. og annar kostnaður 0,8 m.kr.

Rekstrarniðurstaða ársins 2025 var því neikvæð um 1,9 m.kr. Uppsafnaðar og ónýttar fjárheimildir fyrri ára voru nýttar til að mæta neikvæðri afkomu.